

Fjárlaganefnd Alþingis
Alþingishúsinu
Kirkjustræti
101 Reykjavík



5. október 2023

Með þessu bréfi sækir Bandalag íslenskra skáta, sem starfrækja Útilífsmiðstöðina á Úlfljótsvatni um styrk að upphæð 220.000.000.- vegna uppbyggingar á nýju húsi á Úlfljótsvatni.

Bandalag íslenskra skáta verður 100 ára árið 2024. Í 100 ár höfum við eftl börn og ungmenni til sjálfstæðis og til að leggja sitt af mörkum samfélaginu til góða með sjálfböðastarfi. Bandalagið rekur Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni og hefur í fjölda ára boðið skólahópum, og innlendum sem erlendum skátasveitum að njóta alls sem Úlfljótsvatn hefur uppá að bjóða og rekið vinsælar sumarbúðir sem miða að aukinni útivist. Að auki hafa ýmsir aðrir hópar ungmenna fengið afnot af svæðinu.


Við viljum að Úlfljótsvatn verði miðstöð barna og ungmenna í sjálfbærni og útinámi. Við viljum geta þjónustað börn og ungmenni mun betur en möguleiki er á í dag og boðið fleiri og stærri skólahópum að njóta Úlfljótsvatns. Á Úlfljótsvatni eru miklir möguleikar við að efla þjónustu við börn og ungmenni, fræða þau um sjálfbærni og veita þeim tæki og tól í útikennslu. Því óskum við eftir stuðningi ríkisins við uppbyggingu á svæðinu.

Um starfsemi Úlfljótsvatns, áætlun og framtíðarsýn vísast til meðfylgjandi fylgiskjala.

Fylgiskjöl


- Framkvæmdaáætlun
- Ársreikningar Útilífsmiðstöðvarinnar á Úlfljótsvatni fyrir árið 2022
- Ný bygging, framtíðarsýn og starfsemi Úlfljótsvatns

Virðingarfyllst,



Ragnar Þór Prastarson

Framkvæmdastjóri BIS



Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Skátahöfðingi